



**HEIMILISÍÐNAÐAR-
SKÓLINN**
VORÖNN 2020

HEIMILISÍÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS



Hér má sjá yfirlit námskeiða Heimilisiðnaðarskólans. Að venju eru mörg sígild námskeið í boði en einnig spennandi nýjungar. Listinn er birtur með fyrirvara um breytingar.

Hlökkum til að taka á móti nemendum okkar - verið velkomin!

Heimilisiðnaðarskólinn

Nethylur 2e - 110 Reykjavík - netfang: skoli@heimilisdnadur.is
www.heimilisdnadur.is -sími 551 5500.

Skráning á námskeið fer fram í tölvupósti á netfangið skoli@heimilisdnadur.is með upplýsingum um heiti námskeiðs, nafn, netfang, gsm símanúmer og kennitölu greiðanda. Einnig er hægt að skrá sig með því að hringja á skrifstofuna.

Greiðsla námskeiðsgjalda fer fram með birtingu kröfu í heimabanka nema annars sé óskað. Hægt er að greiða með greiðslukorti í gegnum síma eða koma á skrifstofuna.

Afsláttur til félagsmanna af námskeiðsgjöldum er 10%, sami afsláttur er til félagsmanna af vörum í verslun.

Flest stéttarfélag styrkja félag sína til þátttöku í námskeiðum Heimilisiðnaðarskólans.

ÞJÓÐBÚNINGAR OG HANDVERK TENGT ÞEIM



ÞJÓÐBÚNINGUR KVENNA

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir.

Lengd námskeiðs: 11 skipti = 33 klst.

Tími: Máltaka 15. janúar, saumatímar 29. janúar - 1. apríl, miðvikudaga kl. 18:30 - 21:30.

Námskeiðsgjald: 139.000 kr. (125.100 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Saumaður er upphlutur eða peysuföt 19. eða 20. aldar - sjá nánar á www.buningurinn.is. Búningurinn er klæðskerasniðinn og máltaka er í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld og æskilegt er að þeir hafi grunnþekkingu í saumaskap. Mikill hluti vinnunnar er handsaumur og heimavinna er umtalsverð. Allt efni og tillegg er fánlegt í verslun HFÍ.

ÞJÓÐBÚNINGUR KVENNA — DAGNÁMSKEIÐ

Kennari: Jófríður Benediktsdóttir.

Lengd námskeiðs: 11 skipti = 33 klst.

Tími: Máltaka 31. janúar kl. 10 - 13. Saumatímar kl. 10 - 13 dagana 10., 14., 19., 24. og 28. febrúar.

4., 9., 13., 18. og 23. mars, kennt mánudaga og föstudaga aðra vikuna en miðvikudaga hina vikuna.

Námskeiðsgjald: 139.000 kr. (125.100 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Saumaður er upphlutur eða peysuföt 19. eða 20. aldar - sjá nánar á www.buningurinn.is. Búningurinn er klæðskerasniðinn og máltaka er í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld og æskilegt er að þeir hafi grunnþekkingu í saumaskap. Mikill hluti vinnunnar er handsaumur og heimavinna er umtalsverð. Allt efni og tillegg er fánlegt í verslun HFÍ.


ÞJÓÐBÚNINGUR HERRA OG DRENGJA

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir.

Lengd námskeiðs: 7 skipti = 21 klst.

Tími: Máltaka 27. janúar, saumatímar 10. febrúar - 16. mars, mánudagar kl. 18:30 - 21:30.

Námskeiðsgjald: 91.300 kr. (82.170 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Saumaður er þjóðbúningur karla eða drengja – buxur, skyrta og vesti. Búningurinn er klæðskerasniðinn og máltaka verður í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld og æskilegt er að þeir hafi grunnþekkingu í saumaskap. Mikill hluti vinnunnar er handsaumur og heimavinna er umtalsverð. Allt efni og tillegg er fánlegt í verslun HFÍ. Mögulegt er að bæta við aukatímum fyrir þá sem einnig vilja sauma treyju/jakka.

PEYSUFATAPEYSA

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir.

Lengd námskeiðs: 8 skipti = 20 klst.

Tími: Máltaka 23. mars, saumatímar 6. apríl - 25. maí, mánudagar kl. 18:30 - 21:00.

Námskeiðsgjald: 85.700 kr. (77.130 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Námskeiðið er ætlað þeim sem saumað hafa upphlut en vilja bæta við peysufatapeysu en nota sama pilsíð. Saumuð er peysufatapeysa 19. eða 20. aldar, sjá nánar á www.buningurinn.is. Flíkin er klæðskerasniðin og máltaka er í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld og æskilegt er að þeir hafi grunnþekkingu í saumaskap. Mikill hluti vinnunnar er handsaumur og heimavinna er umtalsverð. Allt efni og tillegg er fánlegt í verslun HFÍ.

BALDÝRING

Kennari: Inda Dan Benjamínsdóttir.

Lengd námskeiðs: 8 skipti = 24 klst.

Tími: 25. og 26. janúar, 2., 8., 9., 15., 16. og 22. febrúar, laugardaga og sunnudaga kl. 10 - 13.

Námskeiðsgjald: 67.200 kr. (60.480 kr. fyrir félagsmenn) - efni og garn í prufur er innifalið.



Gullsaumur eða baldýring er gömul útsaumsaðferð sem þekkt er víða um heim. Hér á landi hefur aðferðin einna helst verið notuð á þjóðbúningum og í kirkjulegum útsaumi. Kennend eru grunnatriði í baldýringu og nemendur eru aðstoðaðir við að byrja á stærra verkefni, svo sem upphlutsborðum.

KNIPL Á ÞJÓÐBÚNING

Kennari: Anna Jórunn Stefánsdóttir.

Lengd námskeiðs: 3 skipti = 10 klst.

Tími: Laugardagurinn 29. febrúar kl. 10 - 14 og mánudagarnir 2. og 9. mars kl. 18 - 21.

Mögulegt er að bæta við laugardegnum 14. mars (greiðist sérstaklega).

Námskeiðsgjald: 28.000 kr. (25.200 kr. fyrir félagsmenn) - nemendur fá afnot af kniplbretti og kniplpinnum, efni er ekki innifalið.



Kennt er að knipla á upphlutsbak. Nemendur velja á milli blúndu-, stiga-, nets- eða takkamynsturs úr gull- eða silfurþræði á 20. aldar upphlut. Á 19. aldar upphlut stendur valið á milli takka eða nokkurra mismunandi leggingamynstra úr gull- eða silfurþræði og/eða silki. Athugið að námskeiðið er þrjú skipti með möguleika á að bæta við fjórða skiptinu ef þarf.

UMSJÓNARTÍMAR Í ÞJÓÐBÚNINGASAUMI

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir og Inda Dan Benjamínsdóttir.

Tími: 1. febrúar, 7. mars, 4. apríl og 2. maí - laugardaga kl. 10 - 13.

Námskeiðsgjald: 8.800 kr. skiptið (7.900 kr. fyrir félagsmenn).



Umsjónartímar eru ætlaðir þeim sem vinna að faldbúningi, skautbúningi eða kyrtli - sjá www.buningurinn.is. Í tímunum fá nemendur einstaklingsmiðaða aðstoð við fjölbreytt verkefni. Hver tími er stakur og getur því hentað vel sem aukatími fyrir minni verkefni tengd þjóðbúningasaumi, til dæmis skyrtu- og svuntusaum eða lagfæringar á eldri búningum.

AKUREYRI

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir og Inda Dan Benjamínsdóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 12 klst. Ath. hver helgi er stök.


Tími: 18. - 19. janúar, 21. - 22. mars, 18. - 19. apríl og 16. - 17. maí - laugardaga og sunnudaga kl. 10 - 17.

Námskeiðsgjald: Hver helgi 41.400 kr. (37.200 kr. fyrir félagsmenn).



Námskeið í þjóðbúningasaumi á Laugalandi í Eyjafirði. Nemendur vinna að ólíkum verkefnum í gerð faldbúninga, kyrtla, peysufata og upphluta, skyrtu- og svuntusaumi, útsaumi eða baldýringu. Hver helgi er stök og er mögulegt að taka þátt hluta úr helgi.

VEFNAÐUR



GLITVEFNAÐUR

Kennari: Herborg Sigtryggisdóttir.

Lengd námskeiðs: 6 skipti = 18 klst.

Tími: Laugardagurinn 1. febrúar kl. 10 - 13. 4., 11., 13. og 18. febrúar og 3. mars - þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 50.400 kr. (45.360 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Glitvefnaður er gömul íslensk aðferð við að vefa myndir eftir reitamunstri og var t.d. algengt á sóðuláklæðum. Nemendur setja upp í vefstól og vefa niður. Verkefni geta t.d. verið púðaver eða vegghengi. Námskeiðið hentar þeim sem hafa áður kynnst vefnaði. Kjörið að nota munstur úr *Íslensku sjónabókinni*.

PRUFUVEFNAÐUR

Kennari: Sigríður Ólafsdóttir.

Lengd námskeiðs: 9 skipti = 36 klst. + frjáls aðgangur að vefstofu á opnunartíma HFÍ.

Tími: Laugardag og sunnudag 14. og 15. mars kl. 9 - 16. 17., 18., 24., 25., 31. mars og 1. apríl - þriðjudagar og miðvikudagar kl. 18 - 21. Laugardagurinn 4. apríl kl. 9 - 16.

Námskeiðsgjald: 100.800 kr. (90.720 kr. fyrir félagsmenn) - vefjarefni er innifalið.



Námskeiðið hentar byrjendum jafnt og þeim sem vilja uppríðjun í vefnaði. Nemendur setja sameiginlega upp í vefstóla og vefa að lágmarki átta mismunandi prufur t.d. vaðmál, odda vaðmál, hringjavaðmál, vöfluvef, glit, þráðavef, pokavoð o.fl. Námskeiðið er góður grunnur til að átta sig á möguleikum og fjölbreytileika vefnaðar.

VEFNAÐARNÁMSKEIÐ — FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

Kennari: Sigríður Ólafsdóttir.

Lengd námskeiðs: 5 skipti = 21 klst.

Tími: Laugardaginn 25. apríl kl. 9 - 16. 28. og 29. apríl - þriðjudag og miðvikudag kl. 18 - 21. Laugardagurinn 2. maí kl. 9 - 16 og miðvikudagurinn 6. maí kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 58.800 kr. (52.920 kr. fyrir félagsmenn) - vefjarefni er ekki innifalið.



Námskeiðið er ætlað þeim sem áður hafa komið á námskeið eða hafa reyntslu af vefnaði. Allir þátttakendur fá vefstól til umráða. Kennari aðstoðar við val á verkefnum og leiðbeinir við útreikninga og uppsetningu. Viðvera kennara er talsverð í upphafi námskeiðsins (fyrstu þrjár vikurnar) en nemendur hafa aðgang að vefstofu á opnunartíma HFÍ fram í júní (samtals sjö vikur). Námskeiðið hentar vel þeim sem þegar hafa kynnst vefnaði.

MYNDVEFNAÐUR

Kennari: Ólöf Einarsdóttir.

Lengd námskeiðs: 6 skipti = 18 klst.

Tími: 28. janúar, 4., 11., 18., og 25. febrúar og 3. mars - þriðjudaga kl. 17:30 - 20:30.

Námskeiðsgjald: 50.400 kr. (45.360 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Ofið er á blindamma. Myndvefnaður býður upp á marga möguleika í efnisvali og útfærslum. Nemendur hugi að myndefni fyrir námskeiðið, t.d. ljósmynd eða teikningu. Uppistaða strekkt á blindamma og efni valið í ívaf. Farið er í handbröggð, ýmsar vefnaðaraðferðir, frávik og frágang á myndum.

SPJALDVEFNAÐUR

Kennari: Philippe Ricart - sjá nánar á [Handverksstofan](#).

Lengd námskeiðs: 4 skipti = 12 klst.

Tími: 9., 16., 23. og 30. mars - mánudagar kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 35.600 kr. (32.040 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Spjaldofin bönd eru skrautleg og mjög sterk. Þau eru t.d. notuð í skreytingu á fatnað (víkingabúninga), belti, axlabönd, gítarólar og reiðtygi. Nemendur læra að setja upp vef eftir uppskrift, gera uppistöðu, þræða spjöldin og vefa nokkur tilbrigði af böndum með grunnaðferð.

ÚTSAUMUR OG UPPSETNING PÚÐA



GAMLI KROSSSAUMURINN — ÖRNÁMSKEIÐ!

Kennari: Lára Magnea Jónsdóttir textílhönnuður.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 3 klst.

Tími: 26. febrúar - miðvikudag kl. 19 - 22.

Námskeiðsgjald: 9.400 kr. (8.460 kr. fyrir félagsmenn) - nál, efni og garn í prufu innifalið.



Kenndur er gamli íslenski krosssaumurinn (fléttuspor). Nemendur gera fallega prufu með munstri úr Íslensku sjónabókinni sem síðar má setja í púða (sjá sérnámskeið í uppsetningu púða) eða í ramma.

UPPSETNING Á PÚÐUM

Námskeið I

Kennari: Lára Magnea Jónsdóttir textílhönnuður.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 11. og 18. mars - miðvikudaga kl. 19 - 22.

Námskeiðsgjald: 16.800 kr. (15.120 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.

Námskeið II

Kennari: Lára Magnea Jónsdóttir textílhönnuður.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 15. og 22. apríl - miðvikudaga kl. 19 - 22.

Námskeiðsgjald: 16.800 kr. (15.120 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Á námskeiðinu er kennt að setja upp útsaum í púða. Nemendur komi með nýjan eða gamlan útsaum og læra að setja upp. Nemendur komi með efni í umgjörð og bak ásamt rennilásam en einnig er hægt að kaupa flest á staðnum. Nemendur þurfa að koma með saumavél (mögulegt er að fá lánaða saumavél á staðnum en þá þarf að láta vita af því fyrirfram).

REFILSAUMUR

Kennari: Dóra Guðrún Ólafsdóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 19. og 26. mars - fimmtudaga kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 17.800 kr. (16.020 kr. fyrir félagsmenn) - nál, efni og garn er innifalið.



Refilsaumur er forn útsaumsaðferð en reflar skreyttu hús og kirkjur á miðöldum. Útlínur eru saumaðar fyrst og síðan er fyllt inn í fletina. Að lokum eru saumaðar aukaútlínur, andlit eða önnur atriði sem þurfa áherslu. Refilsaumur er einstaklega fallegur til að sauma út myndir og fyllta fleti. Nemendur læra aðferðina og sauma litla mynd.

SPUNI OG TÓVINNA



LANDNÁMSSPUNI

Kennari: Marianne Guckelsberger.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 13. og 20. febrúar - fimmtudaga kl. 18:30 - 21:30.

Námskeiðsgjald: 16.800 kr. (15.120 kr. fyrir félagsmenn) - efni innifalið.



Spuni af rokki eða spunateini er spunaháttur sem tíðkaðist í nokkrar aldir eftir landnám þar til halasnældur urðu algengar um eða fyrir 15. öld. Notaður er ullarteinn til að geyma ullarforðann á og spunateinn með litlum snúð á neðri endanum til að spinna á. Ullar- og spunateinar eru til staðar og til sölu að námskeiði loknu.

KANNTU AÐ SPINNA Á HALASNÆLDU? — ÖRNÁMSKEIÐ!

Kennari: Marianne Guckelsberger.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 3 klst.

Tími: 27. febrúar - fimmtudag kl. 18:30 - 21:30.

Námskeiðsgjald: 8.400 kr. (7.560 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Kjörið námskeið fyrir þá sem vilja kynna stuttlega. Á einni kvöldstund læra nemendur að kemma ull og spinna á halasnældu. Námskeiðið er hugsað sem kynning á grunnhandtökum en vakín er athygli á lengra námskeiði sem hægt er að sækja í framhaldinu.

TÓVINNA

Kennari: Marianne Guckelsberger.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 9 klst.

Tími: 21. og 22. mars - laugardag og sunnudag kl. 10 - 14:30.

Námskeiðsgjald: 25.200 kr. (22.680 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Lögð er áhersla á að leiðbeina í tóvinnu með sömu aðferðum og notaðar voru fyrrum, þ.e. að taka ofan af, hæra, kember og spinna bæði á rokk og halasnældu. Spunnið er þel og tog, notaðir viðeigandi kambar, útskýrð gömul heiti og orðatiltæki um áhöld, ull og spuna. Námskeiðið hentar jafnt byrjendum sem og þeim sem áður hafa kynnst tóvinnu.

PRJÓN



PRJÓNADIR DÚKAR

Kennari: Ragnheiður Sjöfn Jóhannsdóttir.

Lengd námskeiðs: 3 skipti = 9 klst.

Tími: 20. og 27. janúar og 3. febrúar, mánudaga kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 25.200 kr. (22.680 kr. fyrir félagsmenn) - efni ekki innifalið.



Námskeið þar sem nemendur læra að lesa dúkauppskriftir og prjóna dúk. Nemendur hafi með sér heklugarn, sokkprjón og hringprjón sem passar garninu. Kennt er að strekkja dúkinn á frauðplastplötu sem nemendur fá með sér í lok námskeiðsins.

SJALAPRJÓN

Kennari: Herborg Sigtryggsdóttir.

Lengd námskeiðs: 3 skipti = 9 klst.

Tími: 12. og 19. febrúar, og 4. mars - miðvikudagar kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 25.200 kr. (22.680 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Á námskeiðinu læra nemendur að prjóna sjal að eigin vali upp úr bókinni *Þríhyrnur og langsjöl* sem var gefin út af Heimilis-iðnaðarfélaginu 1988 og löngu er orðin sígild. Byrjað verður á að prjóna prufu með útprjóni í fyrsta tíma. Námskeiðið hentar þeim sem kunna að taka lykkjuna – hafa grunnþekkingu í prjóni.

TVÍBANDAVETTLINGAR/FINGRAVETTLINGAR

Kennari: Guðný Ingibjörg Einarsdóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 17. og 24. mars - þriðjudagar kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 16.800 kr. (15.120 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið.



Skemmtilegt og krefjandi námskeið í tvíbandaprjóni. Kjörið fyrir þá sem kunna að prjóna en vilja ná góðum tókum á þessari aðferð. Prjónaðir eru hefðbundnir tvíbandavettlingar eða hanskar á prjóna nr. 2,5 og nr. 3 eftir uppskrift frá kennara. Nemendur koma með garn, sokkaprjóna og nál.

TVÖFALT PRJÓN — ÖRNÁMSKEIÐ!

Kennari: Lilja Birkisdóttir.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 3 klst.

Tími: 29. apríl - miðvikudag kl. 17:30 – 20:30.

Námskeiðsgjald: 8.400 kr. (7.560 kr. fyrir félagsmenn) - efni ekki innifalið.



Á námskeiðinu læra nemendur tvöfalt prjón, þar sem réttan er beggja vegna. Sami litur er aðallitur öðru megin en munsturlitur hinumegin. Nauðsynlegt er að nemendur kunnir að prjóna þar sem námskeiðið er ein kvöldstund. Nemendur koma með 80 cm langan hringprjón no. 3 eða 3,5 og garn í tveimur litum sem hentar prjónastærð.

FLÉTTUN



KRÍL — ÖRNÁMSKEIÐ!

Kennari: Marianne Guckelsberger.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 3 klst.

Tími: 7. mars - laugardag kl. 10 - 13.

Námskeiðsgjald: 8.400 kr. (7.560 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Kríluð bönd eru fléttuð með allt að sex böndum. Sumum aðferðunum fylgja skemmtilegar sögur um prins og prinsessur til að auðvelda lærdóminn. Kríluð bönd eru til margra hluta nytsamleg í alls kyns skraut og skreytingar. Börn í fylgd með fullorðnum velkomin - eitt gjald.

HROSSHÁR — FRÁ STERTI TIL HANDVERKS

Kennari: Lene Zacariassen.

Lengd námskeiðs: 3 skipti = 14 klst.

Tími: Föstudagur 8. maí kl. 18 - 22, laugardagur 9. maí kl. 9 - 16 og mánudagur 11. maí kl. 18 - 22.

Námskeiðsgjald: 44.200 kr. (39.780 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Á námskeiðinu er unnið með þvegin og tilbúin tögl í mismunandi litum. Nemendur læra að flokka lengd og gæði hrosshára og undirbúa fyrir notkun í fléttur og hnýtingar með mismunandi aðferðum. Kennd er m.a. reipflétta, 4 flétta og 12 flétta. Nemendur velja fléttu og búa til armband eða hálsmen með leðurfrágangi með hnappi eða lási úr málm. Nemendur komi með skæri, töng til sauma og körfu eða kassa undir vinnuna.

LITUN



LITAFRÆÐI

Kennari: Helga Jóhannesdóttir, litafræðingur, hönnuður og textílkennari.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 4 klst.

Tími: 29. janúar og 5. febrúar - miðvikudaga kl. 18 - 20.

Námskeiðsgjald: 12.200 kr. (10.980 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Á námskeiðinu læra nemendur grunnatriði í litafræði. Námskeiðið er bæði í forni fyrirlesturs og æfinga. Teknar eru fyrir leiðir til að vinna með litaval og litasamsetningar. Farið er í efnisfræði lita, t.d. áhrif lita á mismunandi textíl. Námskeiðið hentar sérstaklega þeim sem stunda vefnað eða þrúnaskap.

LITUN — SHIBORI TÆKNI

Kennari: Guðrún Ólafsdóttir.

Lengd námskeiðs: 3 skipti = 9 klst.

Tími: Miðvikudagurinn 25. mars, þriðjudagurinn 31. mars og miðvikudagurinn 1. apríl - kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 27.200 kr. (24.480 kr. fyrir félagsmenn) - efni innifalið.



Nemendur kynnast japanskri tækni við að lita efni. Notaðir eru kemískir litir og indago litur. Með aðferðinni má lita bómull, silki og hör. Aðal áherslan er á mismunandi aðferðir við að skapa munstur í efni.

HANDLITUN Á GARNI

Kennari: Guðrún Ólafsdóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 28. og 29. mars - laugardag og sunnudag kl. 10 - 13.

Námskeiðsgjald: 19.800 (17.820 kr. fyrir félagsmenn) - efni innifalið.



Á námskeiðinu læra nemendur bæði heita og kalda litun á ullar-, silki-, hör- og bómullarbandi. Litað er með kemískum litum. Nemandi kemur með eigið garn sem búið er að vefja upp í hespur og litar það á námskeiðinu. Gott að koma með bæði ull og bómullargarn. Tilvalið fyrir þá sem eiga eitthvað af garni en ekki í réttum litum. Nemendur mæta með hlífðarföt eða svuntu.

SÓLARLITUN

Kennari: Sigurlaug Helga Jónsdóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 4 klst.

Tími: 13. og 14. maí - miðvikudag kl. 18:00 - 20:30 og fimmtudag kl. 18:00 - 19:30.

Námskeiðsgjald: 13.600 kr. (12.240 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Nemendur kynnst auðveldri og skemmtilegri leið til að lita bómullarefni. Notuð er svokölluð „mjólk“ sem textíllitunum er blandað í. Þessi aðferð gerir kleift að munstra efni, til að mynda með þurrkuðum laufblöðum eða öðrum formum. Fyrra kvöldið er efnið litað en seinna kvöldið er gengið frá efninu.

KÖRFUGERÐ



EPLAKARFA/PRJÓNAKARFA

Kennari: Margrét Guðnadóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 6 klst.

Tími: 3. og 10. febrúar, mánudaga kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 19.300 kr. (17.360 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Kennd eru undirstöðuatriði í körfuvefnaði en námskeiðið hentar bæði byrjendum og lengra komnum. Nemendur læra að gera stóra og myndarlega körfu. Körfugerðin tekur tvö kvöld með heimavinnu. Hægt er að skreyta körfuna á ýmsan hátt t.d. með lituðum tágum og snæri. Kennt verður að lita körfuna í lok námskeiðs.



TÁLGUN FYRIR HEIMILIÐ — SJÁLFBÆRNI OG SKÖPUN

Fyrir hverja?: Námskeiðið er ætlað öllum á aldrinum 10 ára og eldri. Eitt gjald er fyrir fullorðinn og barn.

Kennari: Ólafur Oddsson.

Lengd námskeiðs: 5 skipti = 21 klst.

Tími: 10., 12., 17. og 19. mars - þriðjudagar og fimmtudagar kl. 18 - 22 og laugardaginn 14. mars kl. 10 - 15.

Námskeiðsgjald: 40.000 kr. (36.000 kr. fyrir félagsmenn) - allt efni og afnot áhalda er innifalið ásamt veitingum í Ólaskógarferð.


Staðsetning: Nethylur 2e - skógarferð í Kjós á laugardegi.



Á námskeiðinu læra þátttakendur að tálga með ólíkum bitáhöldum, hnífum og öxum. Sérstök áhersla er lögð á gerð nytjahluta fyrir heimilið, t.d. eldhúsið. Unnið er með fimm íslenskar viðartegundir sem vaxa í nærumhverfi okkar. Allir læra að kljúfa í einn lítinn grip og annan lengri, tálga bolla/krús, skóflu/skeið/steikarspaða eða skóhorn auk þess sem kenndar eru aðferðir til skreytinga. Hægt er að velja um önnur fjögur verkefni t.d. fugla,

saltbát, skál eða snaga. Lögð er sérstök áhersla á góða umgengni við bitáhöldin og kenndar áhrifaríkar brýningaraðferðir. Þátttakendur læra að lesa í trjágróður í nærumhverfinu, s.s. form og eiginleika einstakra trjátegunda og hvernig best er að snyrta trén og nýta afurðir í tálguverkefni. Allir fá bókina *Lesið í skóginn - tálgað í tré* eftir Ólaf Oddsson og geta keypt Mora tálguhníf á 3.000 kr. Námskeiðið er í samstarfi við Skógræktina sem haldið hefur tálgunarnámskeiðin *Lesið í skóginn* frá árinu 1999.

ANNAÐ



TÖSKUGERÐ — LEÐURTÖSKUR

Kennari: Helga Rún Pálsdóttir.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 5 klst.

Tími: 8. febrúar - laugardag kl. 9 - 14.

Námskeiðsgjald: 14.000 kr. (12.600 kr. fyrir félagsmenn) - efni er ekki innifalið en efniskostnaðurinn í tösku er frá 6.500 kr. - 9.500 kr.



Á námskeiðinu læra nemendur að sauma leðurtösku. Farið er í gegnum það helsta sem þarf að hafa í huga við töskugerð, þ.e. rennilásasetning, límingar, strappasamur, límstyrkingar o.fl. Nemendur koma með helstu saumaverkfæri s.s. saumavél og leðurnál, skæri, tvinna, rennilása (ef nemendur vilja annan lit en svartann), málband, reglustiku, sníðapappír, krít, títiprjóna og litlar klemmur. Einnig er gott að hafa teflonfót á saumavélina til að auðvelda leðursauminn. Efni er selt á staðnum en nemendur geta einnig komið með sitt eigið.

ORKERING

Kennari: Astrid Björk Eiríksdóttir.

Lengd námskeiðs: 4 skipti = 12 klst.

Tími: 18. og 25. febrúar, 3. og 10. mars - þriðjudaga kl. 18:30 - 21:30.

Námskeiðsgjald: 36.600 kr. (32.940 kr. fyrir félagsmenn) - garn, skytta og heklunál er innifalið.



Kennd er grunnaðferð við að hnýta blúndur með sérstakri skyttu. Nemendur læra að lesa uppskriftir, bæði skrifaðar og eftir teikningum. Orkeraðar blúndur eru til dæmis notaðar framan á peysufataermar, í skartgripi, dúka eða aðra skrautmuni.

HATTAGERÐ

Kennari: Helga Rún Pálsdóttir.

Lengd námskeiðs: 2 skipti = 10 klst.

Tími: 22. og 23. febrúar - laugardag og sunnudag kl. 9 - 14.

Námskeiðsgjald: 38.500 kr. (34.650 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Á námskeiðinu læra nemendur að gera einn smáhatt (samkvæmis-hatt) og einn klassískan filthatt. Nemendur koma með helstu saumaverkfæri, s.s. skæri, tvinna, málband, reglustikur, krít, títiprjóna og gott er að hafa fingurbjörg því um er að ræða mikinn handsaum. Efniskostnaður er innifalinn (10.500 kr.) en nemendur geta gjarnan komið með fjaðrir, perlur og annað auka til að skreyta með.

SÁPUGERÐ — ÖRNÁMSKEIÐ!

Námskeið I

Kennari: Þórður Jónsson hjá Sápusmiðjunni.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 3 klst.

Tími: 29. febrúar - laugardag kl. 10 - 13.

Námskeiðsgjald: 9.400 kr. (8.460 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.

Námskeið II

Kennari: Þórður Jónsson hjá Sápusmiðjunni.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 3 klst.

Tími: 26. mars - fimmtudagur kl. 18 - 21.

Námskeiðsgjald: 9.400 kr. (8.460 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Á námskeiðinu er farið yfir hvernig sápa verður til og hvað þarf af efnum og áhöldum til sápugetar í föstu formi. Algeng aðferð er kennd en fleiri nefndar. Kennslan hefst á fyrirlestri en að honum loknum er sýnikennsla þar sem gerð er sápa úr jurtafitu sem nemendur fá með sér heim.

SÚTUN Á UNGLAMBASKINNI

Kennari: Lene Zacariassen.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 7 klst.

Tími: 10. maí - sunnudag kl. 9 - 16.

Námskeiðsgjald: 21.600 kr. (19.440 kr. fyrir félagsmenn) - innifalið er unglambaskinn og efni til sýtunar.



Á námskeiðinu læra nemendur að súta unglambaskinn. Skinn er þvegið, skafið og sett í þækil. Sútuð skinn eru strekkt á plötu og þurr skinn eru þússuð og elt. Hver og einn nemandi fer með skinn heim til að fylgja eftir en einnig er hægt að semja um að fara heim með tilbúið skinn, en því fylgir smávægilegur auka kostnaður. Nemendur þurfa að hafa með sér sulluföt, stígvél, gúmmihanska, hamar og fötu fyrir skinnið.

JURTASMYRSL — ÖRNÁMSKEIÐ!

Kennari: María Sif Magnúsdóttir.

Lengd námskeiðs: 1 skipti = 2 klst.

Tími: 26. maí - þriðjudag kl. 18 - 20.

Námskeiðsgjald: 8.700 kr. (7.830 kr. fyrir félagsmenn) - efni er innifalið.



Á einu kvöldi læra nemendur að útbúa sitt eigið smyrsl úr íslenskum jurtum. Eingöngu eru notuð lífræn hráefni, olíur og býflugnavax. Um er að ræða sýnikennslu og fá nemendur krukku af smyrslí og leiðbeiningar að loknu námskeiðinu. Heimagerð smyrslí eru skemmtileg til eigin nota eða til gjafa.



Heimilisíðnaðarskólinn

Nethylur 2e - 110 Reykjavík

Netfang: skoli@heimilisdnadur.is

Sími 551 5500

www.heimilisdnadur.is

www.facebook.com/heimilisdnadarfelagid